

Nr. 17-164 S 123 Arcpath ÞH skemmtibátur**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 7564
Útgerð: Háskóli Íslands
Smíðaður: Noregur, 2004, trefjaplast.
Stærð: 7,26 bt.
Mesta lengd: 8,97 m Skráð lengd: 8,91 m
Breidd: 2,95 m Dýpt: 1,78 m
Vél: Volvo Penta, 113,70 kw, 2004.
Fjöldi skipverja: 5



Arcpath © Rikharður Rikharðsson

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 12. mars 2018 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 8. nóvember 2017 voru skipverjar á skemmtibátnum Arcpath ÞH á siglingu á Skjálfanda á Flateyjarsundi. Veður: SA 10 m/s.

Skipverjar óskuðu eftir aðstoð hjá Vaktstöð siglinga þar sem báturinn var vélaavana. Björgunarskipið Jón Kjartansson frá Húsavík fór og sótti bátinn og dró hann til hafnar á Húsavík.

Við rannsókn kom fram:

- að ekki var hægt að koma hældrifinu í gír, hvorki áfram eða afturábak;
- að í ljós kom að lítill rafmótor, sem stýrði skiptibarkanum sem lá aftur í hældrifið, stóð fastur.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.